

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	09.05.19
Málalykill	05.9
Mál nr.	1905110

Garðabær, 8. maí 2019

Vegna tímamóta er varða minningu Jóns Vídalíns

Á næsta ári eru 300 ár frá því að Jón Vídalín lést og frá því að síðari hluti hans þekktu Postillu kom út. Jón einn náði að skáka Passíusálmum Hallgríms Péturssonar þegar kom að lestri Íslendinga. Líklega er enginn texti þekktari úr Postillunni en sá sem fjallar um reiðina og hefur hann lifað með þjóðinni.

Jón Vídalín fæddist að Görðum þar sem faðir hans var prestur. Fjölskyldan þurfti að flytja af jörðinni þegar faðirinn lést. Jón snéri aftur að Görðum og starfaði þar sem prestur áður en hann var gerður að biskupi í Skálholti.

Þessa merka afmælis verður minnst víða og með fjölbreyttum hætti. Það er vilji hjá Sókarnefnd Garðabæjar að vinna að minnismarki um þennan merka mann. Sókarnefndin leitar samstarfs við Kvenfélag Garðabæjar sem er nátengt Garðakirkju og einnig við bæjarstjórn Garðabæjar. Kvenfélagið hefur fallist á að taka þátt í að þróa hugmyndina áfram.

Minningu Jóns hefur verið haldið á lofti við mörg tækifæri bæði í Vídalínskirkju og Garðakirkju. Sr. Bragi Friðriksson stóð fyrir því að bók um ævi hans, rituð af Þorgrími Þráinssyni, væri gefin unglingum sem útskrifuðust úr grunnskólanámi. Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi Vídalínsmessu sem flutt var 2006. Síðastliðið haust var staðið fyrir málþingi um Jón Vídalín og Postillu hans vegna þess að 300 ár voru liðin frá útkomu fyrri hluta bókarinnar góðu. Þar fluttu m.a. góð erindi Auður Jónsdóttir og Vilborg Davíðsdóttir.

Hugmynd okkar um minnismarki gengur út á að það falli vel að umhverfinu, hafi samfélagslegt gildi og jafnvel að verkið verði ekki fullkomnað nema með þátttöku þeirra sem það skoða. Við erum því ekki að hugsa um brjósmynd af Jóni heldur eitthvað sem gæti frekar táknað þann arf sem hann skildi eftir hjá þjóðinni. Við viljum að það verði staðsett í nágrenni Garðakirkju.

Allt er varðar útfærslu, kostnað og aðra tilhögun verður samkomulagsatriði hjá nefndinni komist málið á dagskrá og verði nefndin skipuð.

f.h. sókarnefndar Garðabæjar

sr. Henning Emil Magnússon

og sr. Jóna Hrönn Bolladóttir